

Nr. 006 / 12 Dettifoss***Skipverji slasast við fall***

IMO.nr. 9086801
Smíðaður: Frederikshavn Danmark 1995, stál
Stærð: 14.664 BT
Mesta lengd: 165,60 m
Breidd: 28,60 m *Dýpt:* 8,95 m
Vél: MAN B&W 7S60MC 14.800 kW, 1995
Fjöldi skipverja: 13



Dettifoss ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Úrdráttur úr leiðarbók
Slysaskrá frá skipi
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 19. mars 2012 af Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni. Hilmar Snorrason tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Pann 28. nóvember 2011 var Dettifoss við bryggju í Rotterdam.

Skipverji var að losa sjóbúningskeðjur af gröfu sem stóð á tveimur gámafletum í lest nr. 6 þegar hann steig niður á milli fletanna og féll fram fyrir sig með þeim afleiðingum að hann handleggsbrotnaði og hlaut áverka á andliti.

Við rannsókn kom fram:

- að sögn skipverjans var lestin opin og allar aðstæður góðar. Hann hafði óvart stigið niður á brún annars fletisins, runnið niður á milli fletanna og fallið fram fyrir sig. Hann taldi að rekja mætti atvikið til óheppni;
- að bilið á milli fletanna var u.þ.b. 15 sm.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.